

Hverfisráð Hríseyjar

38. fundur

Miðvikudaginn 14. október 2009 kl.16.00 var 38. fundur Hverfisráðs í Hrísey haldinn í Hlein.

Mætt voru: Linda María Ásgeirsdóttir, Kristinn Fr. Árnason, Hjördís Ýrr Skúladóttir og Narfi Björgvinsson, Guðrún Þorbjarnardóttir og Víðir Björnsson boðuðu forföll. Formaður setti fundinn

Dagskrá:

- Hríseyjarviti.** Bréf frá bæjarráði v/erindis Sigurbjargar Árnadóttur dags. 8.júlí, lagt fram til kynningar.
Linda gerði grein fyrir stöðu málsins og sagði að það væri í góðum farvegi og ekki ástæða til að aðhafast neitt að sinni.
- ADSL tenging.** Mikil óánægja er með hversu léleg tengingin er hér í Hrísey og margar kvartanir hafa borist. Er svo komið að fólk á í erfiðleikum með að stunda fjarnám frá Hrísey vegna þessa og ekki möguleikar á fjarvinnu með svona slakri tengingu.
Samþykkt að Linda og Hjördís skrifi bréf til hlutaðeigandi aðila
- Önnur mál.**
 - Bréf bæjarráðs til sjávarútvegsráðuneytis v/úthlutunar byggðakvóta 2008 - 09 lagt fram til kynningar.
“Hverfisráð fagnar svari bæjarráðs til ráðuneytisins og tekur heilshugar undir þau sjónarmið sem þar koma fram”
 - Sjúkraflutningar innan eyjar.
Samþykkt að óska eftir fundi með yfirmönnum slökkviliðsins á Akureyri
Lindu falið að hafa samband við þá.
- Ferjuferðir.** Kl. 17 mættu á fundinn Pétur Steinþórsson, Hörður Snorrason og Smári Thorarensen frá Eyfar og vék Hjördís Skúladóttir þá af fundinum. Rekstraraðilum ferjunnar hefur verið gert skilt af Vegagerðinni að skera reksturinn niður um 10% á rekstrarárinu 2010.
Hverfisráð þakkar fyrir skýr svör og tillögur um væntanlegan niðurskurð, jafnframt hvar ráðið að til niðurskurðar þurfi að koma en telur þó að betra sé að heimamenn ráði hvernig staðið sé að niðurskurðinum frekar en utanaðkomandi aðilar hefðu komið með beinar tilskipanir.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:50

Linda María Ásgeirsdóttir
Kristinn Fr. Árnason
Hjördís Ýrr Skúladóttir
Narfi Björgvinsson

Fundargerð rituð af Guðrúnu Kristjánsdóttir